# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNIS



# AÐALFUNDUR

## 26. FEBRÚAR 2018

Ársskýrsla stjórnar og reikningar félagsins

# Dagskrá

1. Fundarsetning

2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

3. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs FVSA

4. Breytingar á styrkjum úr sjúkrasjóði

5. Stjórnarkjöri lýst

6. Kosningar

7. Framlag í vinnudeilusjóð

8. Fjárfestingarstefna FVSA 2018

9. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs

10. Reikningar félagsins fyrir 2017

11. Önnur mál

12. Ari Eldjárn skemmtir

# Efnisyfirlit

Dagskrá........................................................................... 2

Ársskýrsla stjórnar..............................................................4

Áritun stjórnar / skýrsla stjórnar................................................28

Áritun óháðs endurskoðanda....................................................29

Áritun skoðunarmanna..............................................................31

Yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag........................................32

Rekstrarreikningur félagssjóðs...................................................33

Efnahagsreikningur félagssjóðs.................................................34

Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs...................................................35

Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs.................................................36

Rekstrarreikningur orlofssjóðs...................................................37

Efnahagsreikningur orlofssjóðs.................................................38

Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs............................................39

Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs..........................................39

Samandreginn rekstrarreikningur...............................................40

Samandreginn efnahagsreikningur.............................................41

Sjóðstreymi...........................................................................42

Skýringar og sundurliðanir........................................................43

# Ársskýrsla stjórnar

## *Starfssvæði félagsins*

Starfssvæði *Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni* er Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu falla einnig undir starfssvæði þess. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagsgjald FVSA er 1% af öllum launum.

| Helstu styrkir úr félagssjóði | |
|---|---|
| Jólaaðstoð | 500.000 kr. |
| Aðrir styrkir | 60.000 kr. |

## *Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna*

Félagsmenn eru samtals 2.664 þar af voru 361 lífeyrisþegar. Konur eru 61% af félagsmönnum og karlar 39%. Að meðaltali greiddu 46 einstaklingar félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir í mars (53) en fæstir í janúar (40).

## *Fulltrúar frá félaginu í stjórnum*

- Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, SVS, í fulltrúaráði fyrir Bjarg íbúðafélag og Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina
- Jón G. Rögnvaldsson í stjórn orlofsbyggðar Illugastöðum
- Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn Símey
- Eydís Bjarnadóttir varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar
- Helgi Sveinbjörn Jóhannsson í stjórn ASÍ-UNG

## *Uppstillingarnefnd 2017-2018:*

Eydís Bjarnadóttir, Guðmundur Lárus Helgason og Jón Grétar Rögnvaldsson.

## *Félagslegir skoðunarmenn 2017-2018:*

Aðalmenn: María Ingadóttir og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir.

Varamenn: Margrét Brynjólfsdóttir og Gylfi Pálsson.

## *Kjörstjórn 2017-2018:*

Elín Anna Guðmundsdóttir, Helga Eymundsdóttir og Einar Hjartarson

Til vara: Jónas Þór Sveinsson og Eydís Bjarnadóttir

# *Stjórn FVSA 2017 – 2018*

Eiður Stefánsson - formaður

Anna María Elíasdóttir - varaformaður

Sigríður Stefanía Stefánsdóttir - ritari

Jón Grétar Rögnvaldsson - gjaldkeri

Anna Kristín Árnadóttir – meðstjórnandi

Varamenn**:** Halldór Óli Kjartansson, Agnes Reykdal og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.



# Þing og ársfundir 2017

## *Aðalfundur FVSA 2017*



Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 27. febrúar 2017.

Tómas Möller, lögfræðingur LV, var með fræðsluerindi um íslenska lífeyrissjóðskerfið og réttindi í lífeyrissjóðum.

Formaður FVSA, Eiður Stefánsson, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins.

Gylfi Pálsson lét af störfum hjá félaginu, hann var fyrst kjörin félagslegur skoðunarmaður FVSA 1983 og hafði starfað sem slíkur í tæp 35 ár. Félagið þakkaði Gylfa fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.



*Eiður Stefánsson, Gylfi Pálsson og Anna María Elíasdóttir*

## *Fundir stjórnar FVSA*

### *Fyrsti fundur – 10. mars 2017*

Á fyrsta fundi stjórnarinnar FSVA á árinu 2017 var fyrsta mál á dagskrá verkaskipting stjórnarinnar og varð niðurstaðan eins og hér segir: varaformaður Anna María Elíasdóttir, gjaldkeri Jón G. Rögnvaldsson, ritari Sigríður Stefanía Stefánsdóttir og meðstjórnandi Anna Kristín Árnadóttir. Því næst voru rædd íbúðarkaup og á fundinum var samþykkt að gera tilboð í íbúð í Mánatúni 1 í Reykjavík. Því næst var endurskoðunarskýrsla frá Enor kynnt og að lokum var samþykkt að varastjórn og starfsfólk myndu sitja fundi stjórnar.

---

### *Annar fundur – 26. apríl 2017*

Tilboði um lóð til byggingar á sumarhúsi á Landborgum var hafnað. Var samþykkt að formaður og varaformaður myndu fara á málþing um félagsaðild, félagssvæði og samningssvið stéttarfélaga sem haldið var í Reykjavík 22. maí. Þá var einnig samþykkt að Eiður Stefánsson og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson myndu mæta á aðalfund Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum 5. maí. Því næst var rætt var um aðalfund Stapa.

Farið var yfir framkvæmdamál og kom það fram að framkvæmdum á skrifstofu, vegna afleiðinga leka, væri lokið. Þá var ákveðið að skipta um heitan pott í Skógarseli og ákveðið var að selja þann sem fyrir var á 250.000 kr. Því næst var ferð stjórnar og trúnaðarmanna rædd. Rætt var um íbúðarkaup í Reykjavík og það tilkynnt að tilboðinu í íbúð í Mánatúni 1 hafi verið hafnað. Ákveðið var að fulltrúi FVSA á aðalfundi Símey yrði Halldór Óli Kjartansson.

Launanefnd FVSA var samþykkt og í henni eru Jón Grétar Rögnvaldsson, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Anna María Elíasdóttir og Eiður Stefánsson. Því næst var leikhúsferð til Húsavíkur rædd og að lokum var sagt var frá AN þingi sem yrði haldið 29. og 30. september 2017.

*Þriðji fundur - 6. júní 2017*

Í upphafi fundar var farið yfir fjögurra mánaða uppgjör og það borið saman við áætlun. Samþykkt var að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa, fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra, til ársloka 2018. Næsta mál sem var rætt var hljóðvist og hávaðastjórnun og var það samþykkt að fá Margréti Júlíu Óladóttur til að mála mynd á hljóðeinangrandi plötu til prufu og setja í Skógarsel. Þá var samþykkt að sömu aðilar og sóttu fyrri ársfund myndu sitja aukaársfund Stapa 22. júní. Ferð stjórnar og trúnaðarmanna var aftur rædd og það upplýst að heitur pottur sem var í Skógarseli hafi verið seldur á 250.000 kr.

---

*Fjórði fundur- 7. september 2017*

Rætt var um fund á vegum LÍV- Nordiska Handels utredar möte, sem fram færi í Helsinki 13.september 2017. Fram kom að Eiður Stefánsson formaður FVSA yrði einn tveggja íslendinga sem myndi sitja fundinn. Á fundinum var samþykkt að athuga skyldi með skyndihjálparnámskeið fyrir félagsmenn. Þriðja mál á dagskrá var umræða um Fund fólksins sem var þann 8. og 9. september. Því næst var til umræðu samningur við Blek um auglýsingar og nýtt merki FVSA. Þá var rætt hvort skipta ætti um nafn á félaginu og hanna nýtt einkennismerki en afgreiðslu var frestað til næsta fundar. Að lokum var upplýst að búið væri að ganga frá skiptum á heitum potti í Skógarseli.

---

*Fimmti fundur - 24. október 2017*

Til umræðu var bréf frá Búfesti um stofnun íbúðafélags. Óskað var eftir framlögum frá stéttarfélögum við stofnun félagsins og var þeirri ósk hafnað. Því næst var til umræðu bréf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem leitað er eftir styrk til kaupa á tveimur spjaldtölvum ásamt tilheyrandi fyrir tvær deildir skólans. Samþykkt var að styrkja kaupin um 100.000 kr.
Því næst var 9 mánaða uppgjör FVSA borið saman við fjárhagsáætlun. Það var samþykkt.

Næst kynnti formaður vinnufund trúnaðarmanna og trúnaðarráðs sem yrði haldinn 13. nóvember.
Samningur við Blek um auglýsingar og nýtt merki FVSA var aftur tekið til umræðu og var það samþykkt að fá nýtt tilboð í nýtt einkennismerki félagsins. Nefnd um stjórnarkjör skipuð. Í nefndina voru skipuð Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson og Anna Kristín Árnadóttir.

Formaður sagði því næst frá þingi LÍV og þingi AN sem bæði tókust mjög vel. Því næst var upplýst um formannafund ASÍ sem haldinn yrði 25. október.

---

*Sjötti fundur - 21. nóvember 2017*

Í upphafi fundar var samþykkt að halda aðalfund FVSA þann 26.febrúar 2018. Næsta mál var útgáfa fréttablaðs næsta árs. Samþykkt var að veita aðeins meira í útlit og hönnun þess. Ákveðið að leita tilboða í hönnun blaðsins. Því næst var farið yfir sumarleigu orlofshúsa, framboð og verð. Samþykkt að halda því óbreyttu frá fyrra ári.

Næst var kosning uppstillingarnefndar og samþykkt voru Guðmundur L. Helgason, Jón Grétar Rögnvaldsson og Eydís Bjarnadóttir  Því næst var tekinn fyrir styrkur til hjálparsamtaka í Eyjafirði vegna jólaaðstoðar og var samþykkt að styrkja um 500.000 kr. Samþykkt að fresta jólafundi og athuga þess í stað með síðbúinn jólafund í janúar. Að lokum sagði Helgi Sveinbjörn Jóhannson frá fjarfundi ASÍ/UNG.

---

*Sjöundi fundur - 20. desember 2017*

Rætt um tilboð í útgáfu fréttablaðs og skýrslu stjórnar. Gert hafði verið samkomulag við Evu Björk Benediktsdóttur um að skrifa blaðið. Tilboð í umbrot og prentun frá Bleki og Ásprenti. Samþykkt að semja við þau fyrirtæki. Áætlaður kostnaður um 1.000.000 kr.

Tilkynnt var að nýr starfsmaður, Harpa Þorvaldsdóttir lögfræðingur, hefði verið ráðin til starfa á skrifstofunni. Því næst var rætt um fiskikvöld stjórnar, hvort það ætti að hafa fiskikvöld í janúar í

stað jólafundar. Ákveðið var að dreifa hittingum fólks í trúnaðarstörfum yfir árið. Því næst var ákveðið að stefnt yrði að því að hafa starfsdag trúnaðarmanna í þriðju viku janúarmánaðar. Næsta mál til umræðu var nýtt einkennismerki FVSA, tillögur að nýju merki lágu fyrir frá Bleki. Tillögurnar voru ræddar en afstaða ekki tekin. Umræða um nafnabreytingu á félaginu kom aftur upp og skyldi það tekið til athugunar.

Næsta mál sem var tekið fyrir var að félaginu bauðst íbúð á Spáni til leigu. Því var hafnað en skoða skyldi möguleika um kaup á íbúð. Að lokum var tekið fyrir að gistimiðar á Fosshótel hækkuðu um 900 krónur og var samþykkt að félagsmenn bæru þann kostnað.

---

*Áttundi fundur - 30. janúar 2018*

Leikhúsferð 2018 var til umræðu. Samþykkt var að fara að sjá „Sex í sveit" hjá Leikfélagi Hörgdæla. Næst var farið yfir framkvæmdir, fjárfestingar og undirbúning fjárhagsáætlunar og kom það fram að ein tölva hafði verið keypt, einn sími og að verið væri að skoða tilboð í skápa sem hægt væri að læsa. Því næst kom fram tillaga um löggildan endurskoðanda. Mælt var með Enor hf. en kosning fer fram á aðalfundi. Þar á eftir var tekin fyrir fjárfestingarstefna fyrir árið 2018 og var samþykkt að hafa sama hátt á og síðastliðið ár. Formaður fór svo yfir nýja persónuverndarlöggjöf sem tekur gildi í maí 2018. Því næst var samþykkt að leggja fyrir aðalfund 3.000.000 kr. framlag í Vinnudeilusjóð. Rætt var um orlofsstyrk fyrir 2018 og það samþykkt að hann yrði 25.000 kr. Beiðni um styrk frá Neytendasamtökunum var tekin fyrir og samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.

Fram kom tillaga fyrir aðalfund um laun fyrir fundasetu stjórnar, stjórnar sjúkrasjóðs og trúnaðarráðs. Samþykkt að leggja til að laun fyrir fundasetu fylgi almennum launahækkunum. Að lokum var rætt um kaup á íbúð á Spáni eða leigu, samþykkt að hætta við hvoru tveggja.

---

*Níundi fundur - 13. febrúar 2018*

Hermann Brynjarsson endurskoðandi, María Ingadóttir og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir félagslegir skoðunarmenn mættu á fundinn. Hermann fór yfir reikninga félagsins og skýrði þá

og svaraði fyrirspurnum stjórnar. Stjórnin samþykkti 15.000.000 kr. framlag í orlofssjóð. Stjórnin samþykkti ársreikningana í heild sinni. Að þessum lið loknum yfirgáfu Hermann, María og Sigurjóna fundinn. Því næst var til umræðu námskeiðið Ungir leiðtogar. Stjórnin samþykkti að senda fulltrúa á námskeiðið, sem er á vegum ASÍ. Að því loknu var farið yfir drög að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs. Samþykkt var að leggja drögin fyrir aðalfund.

## Ársfundur Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 3. maí í  Skjólbrekku í Mývatnssveit. FVSA auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera fulltrúar félagsins,  því miður var ekki mikill áhugi á að mæta til ársfundar og hafa áhrif á sín mál.   Fulltrúar félagsins voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Bragi Jóhannsson og Gylfi Pálsson og þakkar félagið þeim fyrir að sína áhuga.

## Þing AN



Þing Alþýðusambands Norðurlands fór fram fyrstu helgina í október í 35. skipti. Tæplega 90 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi, sátu þingið sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þingið tókst í alla staði mjög vel. Skipað var í fjóra vinnuhópa þar sem fjallað var um vinnumarkaðsmál, menntamál, jafnréttismál og velferðarmál. Fjórar ályktanir voru samþykktar samhljóða á þinginu og má lesa þær á heimasíðu FVSA undir fréttir.



Þingfulltrúar FVSA voru Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður St. Stefánsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Agnes Reykdal, Guðlaug Óskarsdótti, Helga Eymundsdóttir, Bára Waag, Hulda Björnsdóttir, og Margrét Brynjólfsdóttir.

## *Þing LÍV*

Þrítugasta þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna fór fram á Akureyri 13. og 14. október. Áttatíu fulltrúar aðildarfélaga LÍV hvaðanæva af landinu sátu þingið sem er haldið annað hvert ár. Á dagskrá þingsins voru meðal annars starfsmenntamál og húsnæðismál.
Meðal framsögumanna voru Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags og Henný Hinz, deildastjóri hagdeildar ASÍ sem fór yfir horfur í efnahags- og kjaramálum. Ávörp fluttu Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Bjørn Mietinen, varaformaður HK í Noregi.
Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, var endurkjörinn formaður LÍV en Guðbrandur hefur verið formaður Landssambandsins undanfarin fjögur ár.
Þingið ályktaði um kjara- og húsnæðismál, þessar ályktanir má finna á heimasíðu Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.



Þingfulltrúar FVSA á 30. þingi LÍV - frá vinstri: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Anna María Elíasdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Agnes Reykdal og Eiður Stefánsson.

## *Vinnufundur trúnaðarmanna, trúnaðarráðs, stjórnar sjúkrasjóðs FVSA og stjórnar FVSA*

Þann 13. nóvember 2017 var haldinn vinnufundur um sjúkrasjóðinn og mættu um 30 félagsmenn. Eydís Bjarnadóttir, starfsmaður félagsins, byrjaði á að fara yfir hvernig reglurnar um styrki eru hjá öðrum stéttarfélögum. Formaður FVSA, Eiður Stefánsson, fór svo yfir fjárhagslega stöðu sjúkrasjóðs og það svigrúm sem sjóðurinn hefur til greiðslu styrkja. Fundarmönnum var svo skipt niður á þrjú borð og hugmyndirnar ræddar og athugasemdir settar á blað. Niðurstöður voru sendar til stjórnar sjúkrasjóðs þar sem hugmyndirnar voru metnar. Tillögur stjórnar sjúkrasjóðs voru unnar upp úr hugmyndum frá vinnufundinum þann 13. nóvember og lagðar fram til umræðu á fundi trúnaðarráðs 30. janúar. Trúnaðarráð samþykkti þessar hugmyndir og verða þær lagðar fram á aðalfundi félagsins.

**Styrkir úr sjúkrasjóði**

| | Hlutfall af reikningi | Þrep 1 | Þrep 2 |
|---|---|---|---|
| Sjúkraþjálfun | 75% | 50.000 ISK | 30.000 ISK |
| Krabbameinsleit | 85% | 10.000 ISK | 3.000 ISK |
| Líkamsrækt | 50% | 30.000 ISK | 18.000 ISK |
| Sálfræðiþjónusta | 50% | 35.000 ISK | 15.000 ISK |
| Nudd (dekur) | 35% | 15.000 ISK | 5.000 ISK |
| Sjúkranudd/hnykk löggild | 35% | 25.000 ISK | 10.000 ISK |
| Heyrnartæki ( á 3 ára fresti ) | 35% | 25.000 ISK | 10.000 ISK |
| Gler og linsur ( á 3 ára fresti ) | 35% | 25.000 ISK | 12.000 ISK |
| Glasa/tæknifrjóvgun | 50% | 55.000 ISK | 33.000 ISK |
| Lasik augnaðgerð ( á 3 ára fresti ) | 35% | 55.000 ISK | 33.000 ISK |

Dánarbætur virks og greiðandi félaga 400.000 kr.
Dánarbætur lífeyrisþega 150.000 kr.

# Fundir trúnaðarráðs

---

### *Fundur í trúnaðarráði 27. febrúar 2017*

Eitt mál var á dagskrá, forsendubrestur kjarasamninga. Farið var yfir frávik frá launastefnu almennra kjarasamninga o.fl. Forsendunefnd ASÍ og SA hafði úrskurðað um forsendubrest, spurning var hvort segja ætti upp samningum eða fresta endurskoðun. Ákveðið að formaður færi á formannafund með hugmyndir fundarins.

---

### *Fundur í trúnaðarráði 7. september 2017*

Fyrsta mál á dagskrá fundarins var kosning í samninganefnd FVSA. Það var samþykkt að trúnaðarráð yrði samninganefnd félagsins. Því næst var rætt um Fund fólksins sem haldinn yrði 8. og 9. september. Að því loknu var kosning formanns kjörstjórnar og var Elín Anna Guðmundsdóttir kjörin formaður.

Næsta mál var kosning á þingfulltrúum á AN þing, þann 29. og 30. september, 14 fulltrúar og 14 til vara. Fulltrúarnir voru Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Anna María Elíasdóttir, Agnes Reykdal, Jón Grétar Rögnvaldsson, Eiður Stefánsson, Margrét Brynjólfsdóttir, Bára Waage, Helga Eymundsdóttir, Hulda Björndsdóttir, Júlía Poulsen og Guðbjörg Ragnarsdóttir. Skrifstofunni var svo falið að fylla í hópinn.

Því næst voru kjörnir þingfulltrúar á LÍV þing 13.-14. október. Aðalmenn: Eiður Stefánsson, Jón Grétar Rögnvaldsson, Anna María Elíasdóttir, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Elín Anna Guðmundsdóttir og Agnes Reykdal. Varamenn: Sigríður St. Stefánsdóttir, Bára Waage, Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Helga Eymundsdóttir, Hallveig Stefánsdóttir og Laufey Ingadóttir.

Formaður bað fundarmenn að taka 13. nóvember frá þar sem áætlað var að halda vinnufund um reglur sjúkrasjóðs þann dag.  Að lokum ræddi formaður um skýrslu ASÍ um ráðstöfunartekjur lægst launaða fólksins. Urðu nokkrar umræður um ástand þessara mála í þjóðfélaginu.

## Trúnaðarráð og trúnaðarmenn

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn og fimm til vara. Átta félagsmenn og fjórir til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi.

| **Trúnaðarráð 2017-2018:** |
| --- |
| Elín Anna Guðmundsdóttir |
| Erla Bjarnadóttir |
| Ingvar Gunnarsson |
| Jón Haraldur Lárusson |
| Bára Waag Rúnarsdóttir |
| Áslaug Júlíusdóttir |
| Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir |
| Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen |
| Helga Eymundsdóttir |
| Hallveig Stefánsdóttir |
| Kristín Hjaltalín |
| Laufey Ingadóttir |
| Margrét Brynjólfsdóttir |
| Eiður Stefánsson |
| Sigríður Stefanía Stefánsdóttir |
| Jón Grétar Rögnvaldsson |
| Anna María Elíasdóttir |
| Anna Kristín Árnadóttir |
| Halldór Óli Kjartansson |
| Agnes Reykdal |
| Helgi Sveinbjörn Jóhannsson |

| **Til vara:** |
| --- |
| Anna Hafdís Jóhannesdóttir |
| Anna Kristbjörg Reykdal |
| Margrét Júlía Óladóttir |
| Hanna Sigríður Magnþórsdóttir |
| Katrín Guðrún Pálsdóttir |
| Bergþóra Jóhannsdóttir |
| Sigurbjörg Gunnólfsdóttir |
| Jónas Þór Sveinsson |
| Hulda Björnsdóttir |

## *Starfsdagur trúnaðarmanna 2018*

Starfsdagur trúnaðarmanna félagsins var haldinn 23. janúar 2018 á Greifanum og voru þátttakendur 22 talsins.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, hélt fyrirlestur um hlutverk stéttarfélaga í breyttum heimi vinnunnar. Því næst kom Henný Hinz deildarstjóri hagdeildar og fór yfir nokkur atriði, svo sem skattbyrði launafólks, horfur í efnahagsmálum 2018 og stöðuna í kjaramálum. Síðan voru umræður um kjaramál og hvort segja ætti upp kjarasamningum í febrúar og var meirihluti fundarmanna á þeirri skoðun að segja ekki upp samningum.

Eftir umræðu um kjaramál var hlustað á nokkra fyrirlestra og umræða var eftir hvern fyrirlestur. Þar á eftir fóru fram kosningar þar sem trúnaðarmenn völdu 8 aðalmenn og 4 varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2018-2019.

Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum 2018-2019:

**Aðalmenn**

| | |
|---|---|
| Elín Anna Guðmundsdóttir | VÍS |
| Erla Bjarnadóttir | Höldur hf |
| Ingvar Gunnarsson | Byko |
| Jón Haraldur Lárusson | Húsasmiðjan |
| Margrét Júlía Óladóttir | Brauðgerð Kr Jóns. & Co |
| Kristín B. Hjaltalín | Kjarnafæði |
| Arnbjörg Jónsdóttir | KEA hótel |
| Hallveig Stefánsdóttir | Grófargil |

**Til vara**

| | |
|---|---|
| Anna Hafdís Jóhannesdóttir | Kjörbúðin Dalvík |
| Áslaug Júlíusdóttir | Eimskip |
| Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir | Olís við Tryggvabraut |
| Sigrún Baldursdóttir | Apótekarinn/Lyf og heilsa |

# Orlofshús og orlofsmál



Engar breytingar voru á framboði orlofshúsa milli ára. Sumarið 2017 var félagið með á leigu Flókalund í Vatnsfirði á Barðaströnd og Einarsstaði á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr.12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 338 sinnum á árinu 2017, Illugastaðir og Skógarsel voru leigðir út 162 sinnum og leigubústaðir 31 sinnum, um 17% félagsmanna er að nýta sér orlofshús eða íbúðir. Aðsókn í gistimiða hefur dregist saman á meðan aukinn áhugi hefur verið á niðurgreiddum flugmiðum. FVSA greiðir flugmiða niður um 3000 krónur. í boði voru 100




orlofsstyrkir (eða vika að eigin vali) að upphæð 20.000 krónur og útilegukortin voru 25. Stjórn FVSA samþykkt að hækka orlofsstyrk upp í 25.000 kr. fyrir árið 2018. Opnað var fyrir umsóknir á sumarleigu 2018. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og „viku að eigin vali" (orlofsstyrk) er til 25.mars 2018. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2018 og vetrarleigu 2018 til maíloka 2019, á félagavef 11.apríl kl.12:00.

# Sjúkrasjóður

Stjórnin hélt níu fundi á starfsárinu. Í stjórn eru Eiður Stefánsson formaður, Guðríður Þorsteinsdóttir, Þórdís Bjarnadóttir, Signý Sigurðardóttir og Stefán Jónsson. Varamenn eru Kristín Þorgilsdóttir, Lilja Stefanía Jóhannsdóttir og Guðmundur Lárus Helgason.



*Þórdís, Stefán, Signý og Kristín, sem kemur inn sem varamaður fyrir Guðríði.*




*Sjúkradagpeningar voru greiddir til 61 félagsmanna, samtals 31 milljón sem er svipuð upphæð og árið áður.*

## *Styrkir úr sjúkrasjóði*

Greiðslu styrkja úr sjúkrasjóði drógust saman á milli ára um 1.759.057 kr. og er samdrátturinn mestur í sjúkraþjálfun en sá liður var 3.269.480 kr. minni á þessu ári en árinu á undan, aðalástæðan fyrir svona miklum breytingum má rekja til breytinga á niðurgreiðslum frá Tryggingarstofnun.

| | 2016 | 2017 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Dánarbætur | 750.000 | 550.000 | -200.000 |
| Gler | 1.337.915 | 1.632.896 | 294.981 |
| Krabbameinsleit | 651.546 | 669.314 | 17.768 |
| Heyrnartæki | 0 | 20.000 | 20.000 |
| Lasik | 690.000 | 332.960 | -357.040 |
| Líkamsrækt | 14.313.819 | 15.500.579 | 1.186.760 |
| Nudd utan TR | 1.428.422 | 1.629.721 | 201.299 |
| Sálfræðiþjónusta | 760.041 | 899.896 | 139.855 |
| Glasa-/tæknifrjóvgun | 0 | 165.000 | 165.000 |
| Sjúkraþjálfun | 8.207.121 | 4.937.641 | -3.269.480 |
| Aðrir styrkir | 98.200 | 140.000 | 41.800 |
| Styrkir alls | 28.237.064 | 26.478.007 | |

## Starfsmenntasjóður

FVSA er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Aðild fer eftir því hvorum kjarasamningi viðkomandi félagsmaður er í.

Á félagssvæði FVSA voru greiddar 23 milljónir í starfsmenntasjóðina frá atvinnurekendum og rúmar 5,8 milljónir frá FVSA, samtals 28.8 milljónir. Á síðasta ári voru 374 fræðslustyrkir greiddir fyrir samtals 18,2 milljónir en meðaltalsupphæð hvers styrks er kr. 48.679 kr.

- 2011 334 styrkir kr. 7.300.000
- 2012 343 styrkir kr. 7.900.000
- 2013 299 styrkir kr. 6.500.000
- 2014 424 styrkir kr. 15.000.000
- 2015 403 styrkir kr. 16.547.000
- 2016 401 styrkir kr. 16.895.855
- 2017 374 styrkir kr. 18.206.276

- Annað nám.............................................fjöldi 129
- Ferðakostnaður.......................................fjöldi 9
- Framhaldsnám.........................................fjöldi 124
- Háskólanám.............................................fjöldi 117
- Íslenska fyrir útlendinga..........................fjöldi 9
- Tómstundanám.......................................fjöldi 37

Á stjórnarfundi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks í september var samþykkt hækkun á styrkjum til félagsmanna sem tók gildi nú um áramótin. Félagsmaður með laun sem eru jöfn eða hærri en byrjunarlaun afgreiðslufólks á rétt á hámarksstyrk kr. 130.000 á hverju almanaksári en ef laun eru lægri er greitt hlutfall af styrknum. Áður var hámarkið 90.000 kr. Uppsafnaður styrkur til starfsnáms getur orðið að hámarki 390.000 kr. en var áður 270.000 kr.

Nú er tómstundastyrkur að hámarki 30.000 kr. en var áður áður 20.000 kr. Hámarks ferðastyrkur hefur einnig hækkað, í 40.000 en var áður 30.000 kr. Þetta er veruleg hækkun og vonandi á þetta eftir að nýtast félagsmönnum vel.

# Önnur verkefni á árinu

## *1. maí*



Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri til að taka þátt í kröfugöngu sem stéttarfélögin á Akureyri stóðu fyrir 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

Kjörorð dagsins var „Húsnæðisöryggi – sjálfsögð mannréttindi". Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi þar sem Brynjar Karl Óttarsson kennari flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði og kaffiveitingar.

Um hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð en þar flutti Margrét Jónsdóttir ávarp fyrir hönd 1. maí nefndarinnar.

## *Ferð trúnaðarmanna og fulltrúa í stjórnum og ráðum FVSA*



Vorferð fyrir trúnaðarmenn, trúnaðarráð og stjórnir FVSA var farin föstudaginn 19. maí. Lagt var af stað kl. 17:00 frá Alþýðuhúsinu og haldið austur á Illugastaði þar sem Jón staðarhaldari tók á móti okkur og fræddi viðstadda um sögu staðarins og hugmyndir um fjölgun bústaða á svæðinu. Að því loknu var farið að skoða svæðið og bústaði FVSA. Áfram hélt ferðin og var næsti viðkomustaður Vaglaskógur þar sem hús félagsins, Skógarsel, var skoðað. Síðan var hitað upp í grillinu í Skógarseli og haft gaman saman fram eftir kvöldi. Heimkoma var rétt fyrir miðnætti.



## *Fundarherferðin Réttlátur vinnumarkaður*

Fundarherferðin *Réttlátur vinnumarkaður – allra hagur* var haldin á Akureyri 22. mars 2017. Um ræðir málþing þar sem rætt var um stöðuna á vinnumarkaði með tilliti til undirboða og brotastarfsemi á Eyjafjarðasvæðinu.  Þá var rædd spurningin *„hvernig samfélag viljum við vera*?“ Það sköpuðust góðar umræður um þann vanda sem íslenskur vinnumarkaður er að glíma við um þessar mundir.



Eiður Stefánsson, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, opnaði málþingið og gerði grein fyrir markmiði þess. Erindi héldu Vilhelm Adolfsson verkefnastjóri vinnustaðaeftirlitsins á Norðurlandi, Sigmundur Einar Ófeigsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Hrafnhildur Elín Karlsdóttir, hótelstjóri á Hótel KEA á Akureyri, Gunnhildur Gylfadóttir, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri. Í pallborðsumræðum voru Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Auk þeirra tóku allir fyrirlesarar þátt í pallborðsumræðum.

## *Fundur fólksins á Akureyri*

Fundur fólksins var haldinn í Hofi á Akureyri 8. og 9. september. Ýmislegt áhugavert kom þar fram, þar á meðal innlegg frá verkalýðshreyfingunni.

Fundur fólksins var lífleg tveggja daga lýðræðishátíð.  Þar voru hin ýmsu félagasamtök, stjórnmálaflokkar og stofnanir með starfsemi í bland við líflegar umræður, tónlistaratriði og uppákomur.




Hátíðinni er ætlað að virkja lýðræðisþátttöku almennings og vera vettvangur allra þeirra sem vilja ræða málefni samfélagsins. Hátíðin er kjörið tækifæri til að standa fyrir málstofum, pallborðsumræðum, kynningum á ákveðnum málefnum og sýna sig og sjá aðra á þeim forsendum að það skiptir máli að raddir allra heyrast. Fundur fólksins er vettvangur fyrir þátttöku, fræðslu og umræðu. Grasrótahreyfingar stíga á stokk og kynna sjónarmið sín. Stjórnmálamenn koma út úr þinghúsinu og af sjónvarpsskjánum og fá sér sæti með fólkinu í landinu, hlusta á sjónarmið þeirra og skiptast á skoðunum. Fundur fólksins er suðupottur hugmynda þar sem alvöru fólk hlustar og ræðir saman í eigin persónu. Fundur fólksins er samtalsvettvangur þar sem markmiðið er að auka lýðræðisþátttöku og skapa meira traust og skilning milli ólíkra aðila samfélagsins án þess að vera föst í venjubundnum umræðufarvegi stjórnmála eða fjölmiðla.

FVSA ásamt, Einingu-Iðju, Samiðn, RSÍ, ASÍ og SGS tók virkan þátt í hátíðinni. Félögin voru með kynningar á sinni starfsemi báða dagana og auk þess stóðu þau fyrir sófaspjalli með Sögu Garðarsdóttur leikkonu. Málþing um ungt fólk var á laugardeginum undir yfirskriftinni „Af hverju borga ég í stéttarfélag?"  Á málþinginu komu fram fyrir hönd stéttarfélaganna ungir og efnilegir einstaklingar og fyrir hönd FVSA var Margrét Júlía Óladóttir.

## *Gjöf til hjálparsamtaka*

Átta stéttarfélög í Eyjafirði afhentu þriðjudaginn 12. desember, Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Rauða krossinum styrk að upphæð kr. 2.530.000 kr. Styrkurinn er notaður í samstarfsverkefni þessara fjögurra samtaka sem var sett á laggirnar til að einfalda það að sækja um aðstoð fyrir jólin. Nú þarf einungis að sækja um á einum stað. Rétt er að vekja athygli á því að þessir aðilar aðstoða fólk um allan Eyjafjörð, frá Fjallabyggð að Grenivík.



Þetta er í sjötta sinn sem þessi samtök taka höndum saman fyrir jólin og veita þeim aðstoð sem þurfa. Í ár var úthlutað svipuðum fjölda styrkja og á síðasta ári. Framlag FVSA var 500.000 kr. Eydís Bjarnadóttir starfsmaður FVSA var fulltrúi félagsins við þetta tækifæri.

## *Leikhúsferð 2017*

Laugardaginn 22. apríl 2017 bauð félagið ellilífeyrisþegum sínum í leikhúsferð. Farið var með rútu til Húsavíkur til að sjá sýninguna „Bót og betrun“ sem Leikfélag Húsavíkur setti upp. Tæplega 70 manns komu með og var mikil ánægja með sýninguna. Á eftir var farið í kaffi á veitingahúsinu Sölku. Ferðin heim gekk vel og var komið heim um sex leytið.





## *Nemendur í Stökkpalli*

Nemendur í Stökkpalli komu í heimsókn á skrifstofu FVSA og kynntu sér réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Umræður voru líflegar, margar fyrirspurnir og sögur enda flottur hópur af hressum einstaklingum.



## *Framkvæmdir*



Rólegt var í framkvæmdum hjá félaginu miðað við mörg undanfarin ár, það er samt ekki hjá því komist að gera eitthvað á hverju ári. Helstu framkvæmdir á árinu 2017 var að ákveðið var að skipta um heitan pott í Skógarseli. Hann er mun stærri en sá sem fyrir var og lauk framkvæmdum í byrjun júní. Kaffistofu á skrifstofu félagsins var breytt og ný eldhúsinnrétting sett upp enda sú gamla mikið skemmd eftir vatnstjón.

## *Skrifstofur og þjónusta*

Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 08:30 til 16:00.

Aðalskrifstofa Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er á Akureyri. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

Almenn starfssemi var hefðbundin á árinu,  félagmenn eru duglegir við að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá aðstoð varðandi kaup og kjör.

Félagsmenn nýta sér vel þá þjónustu og það framboð sem félagið býður upp á í orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík, gistimiðum, inneignarbréfum í flug og miðum í Hvalfjarðargöng.

Það er markmið stjórnar FVSA og starfsmanna að veita félagsmönnum okkar góða þjónustu.

Mannabreytingar voru á árinu þar sem Guðlaug M. Óskarsdóttir lét af störfum og Harpa Þorvaldsdóttir var ráðin í staðinn. Harpa Þorvaldsdóttir útskrifaðist með meistaragráðu í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri í júní 2015. Hún starfaði áður sem þjónustufulltrúi hjá Ríkisskattstjóra í rúm tvö ár.



**Eiður Stefánsson**
Formaður



**Eydís Bjarnadóttir**
Afgreiðslu- og fræðslufulltrúi



**Harpa Þorvaldsdóttir**
Þjónustufulltrúi



**Kristín Þorgilsdóttir**
Skrifstofustjóri

# Skýrsla stjórnar

### Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

### Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.643 talsins, 1.644 konur og 999 karlar, þar af voru 361 ekki gjaldskyldir.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2017 kr. 9.753.941 og laun stjórnar og varastjórnar kr. 2.303.805.

### Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 38,2 mkr. og eigið fé í árslok nam 629,1 mkr.

### Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Akureyri, 13. febrúar 2018

**Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni**

[illegible]
Anna María Elíasd.
Anna Kristín Árnadóttir
Jón G. Rögnvaldsson
Sigríður Stefanía Stefánsd.

## Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**
